

## Fréttatilkynning frá Bókasambandi Íslands 5. desember 2019

### 78% bókatitla prentaðir erlendis

#### Prentstaður íslenskra bóka 2019

Bókasamband Íslands hefur kannað prentstað íslenskra bóka sem getið er í Bókatíðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2019. Fjöldi titla sem prentaðir eru innanlands eru 145 og fjölgar um 21 frá fyrra ári og sem hlutfall af heild eykst hún milli ára um 1,5%, er 21,7% í ár en árið 2018 var hlutfallið 20,2% á prentun bókatitla innanlands. Fjöldi titla sem prentaður er erlendis er 522 eða 78,3% en var 490 eða um 79,8% í fyrra.

Heildarfjöldi prentaðra bókatitla er 667 í Bókatíðindunum í ár en var 614 árið 2018.

Skoðað var hvert hlutfall prentunar innanlands og erlendis er eftir flokkum.


- Fræðibækur, bækur almenns efnis og listir eru alls 156; 65 (42%) prentuð á Íslandi og 91 (58%) prentuð erlendis.
- Skáldverk, íslensk og þýdd, eru 237; 53 (22%) prentuð á Íslandi og 184 (78%) prentuð erlendis.
- Saga, ættfræði, ævisögur, handbækur, matur og drykkur eru alls 49; 4 (8%) prentuð á Íslandi og 45 (92%) prentuð erlendis.
- Barnabækur, íslenskar og þýddar, eru alls 225; 23 (10%) prentuð á Íslandi og 202 (90%) prentuð erlendis.

Eftirfarandi listi sýnir fjölda bóka prentaðra í hverju landi og hlutfall af heild, jafnframt eru til samanburðar tölur fyrir árið 2018:

	Fjöldi titla	%	Árið 2018	Fjöldi titla	%
Ísland	145	21,7	Ísland	124	20
Evrópa	468	70,2	Evrópa	412	67
Asía	49	7,4	Asía	78	13
USA	5	0,7	Samtals	614	100%
Samtals	667	100%			

Frekari upplýsingar veitir Georg Páll Skúlason, Grafíu – stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum. Netfang: [georg@grafía.is](mailto:georg@grafía.is) og sími 5400100.

**Hlutfall prentunar íslenskra bóka 1998 - 2019**



**Fjöldi prentaðra íslenskra bóka 1998 - 2019**

